



Forsætisnefnd

Reykjavík, 26. ágúst 2025

MSS23010279

Breytingar á samþykkt mannréttindaráðs

Við gerð nágildandi samþykktar mannréttindaráðs, þar sem sameinaðar voru samþykktir mannréttinda- og lýðræðisráðs, fjölmenningarráðs og öldungaráðs hefur fallið niður ákvæði um seturétt fulltrúa velferðarráðs í málefnum eldra fólks, sem sat fundi öldungaráðs.

Í núverandi samþykkt mannréttindaráðs 7. gr. segir jafnframt að fulltrúi velferðarsviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins öll mál sem varða breytingar á þjónustu við fatlað fólk, stefnumótun og framfylgd stefnu málaflokksins í Reykjavík. Slíkt ákvæði er ekki að finna í samþykktinni um málefni eldra fólks.

Samkvæmt beiðni frá mannréttindaskrifstofu hefur verið unnin tillaga að breytingu á samþykkt mannréttindaráðs þar sem komið er til móts við þessar ábendingar. Er óskað eftir því að forsætisnefnd fjalli um tillöguna og vísi henni til meðferðar borgarstjórnar ef nefndin fellst á erindið.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Tillaga að breytingu á samþykkt mannréttindaráðs.



Reykjavík



Reykjavík, 26. ágúst 2025
MSS23010279

Tillaga að breytingu á 7. gr. samþykktar mannréttindaráðs

4. mgr. og 5. mgr. 7. gr. samþykktarinnar hljómar svo:

...

Mannréttindastjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins þegar það fjallar um málefni fatlaðs fólks öll mál er snúa að aðgengishönnun og framfylgd samþykktar ráðsins sem snúa að framkvæmdum í aðgengismálum. Fulltrúi velferðarsviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins öll mál sem varða breytingar á þjónustu við fatlað fólk, stefnumótun og framfylgd stefnu málaflokksins í Reykjavík. Sviðsstjórar annarra fagsviða bera ábyrgð á að öll mál er varða þjónustu við fatlað fólk í m.a. skóla-, menningar-, íþrótt- og frístundastarfi verði tekin til umfjöllunar á vettvangi ráðsins.

Lagt er til að svohljóðandi breyting verði gerð á 4. og 5. mgr. 7. gr. samþykktar mannréttindaráðs:

...

Mannréttindastjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. **Jafnframt skal fulltrúi velferðarsviðs sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.** Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins þegar það fjallar um málefni fatlaðs fólks öll mál er snúa að aðgengishönnun og framfylgd samþykktar ráðsins sem snúa að framkvæmdum í aðgengismálum. **Fulltrúar velferðarsviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi ráðsins öll mál sem varða breytingar á þjónustu við fatlað fólk og eldra fólk, stefnumótun og framfylgd stefnu málaflökkanna í Reykjavík.** Sviðsstjórar annarra fagsviða bera ábyrgð á að öll mál er varða þjónustu við fatlað fólk í m.a. skóla-, menningar-, íþrótt- og frístundastarfi verði tekin til umfjöllunar á vettvangi ráðsins.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar XX.XX.2025



Reykjavík